

56. Fundur bæjarráðs Blönduósþæjar miðvikudaginn 20. júní 2012, kl. 15:00.

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Kosningar**
 - 2. Fundargerðir:**
 - a) Fræðslunefnd frá 14. júní 2012**
 - b) Skipulags-,byggingar-veitunefnd frá 14. júní 2012**
 - c) Landbúnaðarnefnd frá 7. júní 2012**
 - d) Hluthafafundur Vilko frá 22. maí 2012**
 - e) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra 1. júní 2012**
 - f) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 25. maí 2012**
 - 3. Bréf frá Þjóðskrá Íslands frá 13. júní 2012**
 - 4. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi frá 23. maí 2012.**
 - 5. Beitarhólf**
 - 6. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

- 1. Kosningar**
 - a) Kjör formanns bæjarráðs**

*Tillaga kom um Zophonías Ara Lárusson sem formann bæjarráðs.
Samþykkt með tveimur atkvæðum. Einn sat hjá.*
 - b) Kjör varaformanns bæjarráðs**

*Tillaga kom um Önnu Margréti Sigurðardóttir sem varaformann bæjarráðs.
Samþykkt með tveimur atkvæðum. Einn sat hjá.
Að loknum þessum lið tók nýkjörinn formaður, Zophonías Ari Lárusson, við fundarstjórn.*
- 2. Fundargerðir:**
 - a) Fræðslunefndar frá 14. júní 2012**

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.

Bæjarráð samþykkir að ráða Magdalenu Berglindi Björnsdóttur í stöðu aðstoðarskólastjóra Blönduskóla. Að loknum umræðum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 3 atkvæðum.

b) Skipulags-,byggingar-veitunefnd frá 14. júní 2012

Fundargerðin er í 4 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.

Undir liðnum önnur mál er fjallað um reiðleið meðfram Svívetningabraut og upp með Þjóðvegi 1. Bæjarráð hefur efasemdir um fyrirhugaða reiðleið.

Skipulags-, byggingar-og veitunefnd vísaði dagskrárlið 2. til fullnaðarafgreiðslu til bæjarstjórnar. Bæjarráð er með fullnaðarafgreiðslu mála meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi.

Grenndarkynning vegna framkvæmda við hitaveitupípu innan þéttbýlisins á Blönduósi fór fram í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust og samþykkir bæjarráð að vísa málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa til útgáfu á framkvæmdaleyfi.

Að loknum umræðum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 3 atkvæðum.

c) Landbúnaðarnefnd frá 7. júní 2012

Fundargerðin er í 3 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að loknum umræðum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 3 atkvæðum.

d) Hluthafafundur Vilko frá 22. maí 2012

Fundargerðin er í 6 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

e) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra 1. júní 2012

Fundargerðin er í 3 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar

f) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 25. maí 2012

Fundargerðin er í 28 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

3. Bréf frá Þjóðskrá Íslands frá 13. júní 2012

Kjörskrá Blönduósbæjar vegna forsetakosninga þann 30. júní 2012 liggur frammi á bæjarskrifstofu til kjördags. Samkvæmt lögum nr. 24/2000 eru á kjörskrárstofni allir Íslenskir ríkisborgarar sem skráðir voru með lögheimili í ákveðnu sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár laugardaginn 9. júní 2012 og fæddir eru 30. júní 1994 og fyrr. Leiðréttingu má gera fram á kjördag, en óheimilt er að gera breytingar ef tilkynning um lögheimili hefur ekki borist þjóðskrá Íslands í tæka tíð fyrir viðmiðunardaginn 9. júní sl. Lagt fram til kynningar.

4. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi frá 23. maí 2012

Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Lárusar B. Jónssonar, kt. 120353-5009, f.h. Blöndu ehf. kt. 520308-0400, um leyfi til að reka sumarhús í húsum nr. 3 og 19 í flokki II að Brautarhvammi, 540 Blönduósi. Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir bæjarráð jákvæða umsögn.

Zophonías Ari Lárusson vék af fundi undir þessum lið.

5. Beitarhólf

Áslaug Inga Finnsdóttir kt. 210482-5639, sækir um beitarhólf í eigu Blönduósbæjar.

Bæjarráð samþykkir að úthluta Áslaugu Ingu Finnsdóttur land nr. R48 sem er 19.258 fermetrar að stærð.

6. Önnur mál

Lagt var fram kostnaðarmat á umhirðu og slætti á púttvelli eldri borgara við Flúðabakka 3.

Bæjarráð samþykkir að Blönduósbær sjái um umhirðu og slátt á púttvellingum.

Bæjarstjóri kynnti auknar fjárheimildir að átaki í markaðs-og kynningarmálum.

Bæjarráð samþykkir að óska eftir umsögn fjármálastjóra um áhrif á fjárhagsáætlun 2012.

Bæjarstjóri lagði fram greinargerð frá skólustjóra Blönduskóla um beiðni um kennslumagn fyrir skólaárið 2012-2013.

Bæjarráð samþykkir beiðnina.

Fram lagt bréf framkvæmdastjóra SSNV þar sem fjallað er framkomna hugmynd um kynnis- og námsferð sveitarstjórnarmanna af Norðurlandi vestra til Skotlands vorið 2013. Óskað er eftir afstöðu sveitarstjórna til hugmyndarinnar og að hún verði kynnt SSNV fyrir 1. júlí nk. Bæjarráð lýsir yfir áhuga á framkominni hugmynd.

*Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundu slitið 17:00*

*Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Kári Kárason (sign.)
Oddný María Gunnarsdóttir(sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)